

ekki svo kunnugt sé oftár sætt refsingu, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 27. okt. 1933.

Nr. 59/1932. **Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Efnagerð Reykjavíkur h/f

(Th. B. Lindal).

Endurgreiðsla aðflutningsgjalds að frádregnum vörutolli. Umrædd vara eigi talin koma undir tollögin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1932: Stefnur, fjármálaráðherra Ásgeir Ásgeirsson, f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandanum, h/f Efnagerð Reykjavíkur, kr. 28,50, svo og kr. 60,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Vara sú, sem ræðir um í máli þessu, hinn svonefndi bitri kakao „massi“ eða kakaodeig, er eftir því sem upplýst er kjarni úr baunum choco trésins, er hitaður hefir verið upp, svo að fituefnin í honum bráðni, og síðan rennt í mót og látinn kólna. Úr vöru þessari eru síðan aðrar vörur unnar, bæði súkkulaði og kakaodupt. Við þá vinnslu eru ýmist efni leyst úr deiginu eða nýjum efnum blandað við

það, og er aðferðin við vinnslu þessa fjölþætt og notaðar við hana ýmiskonar vélar.

Í 1. gr. tolllaganna nr. 54, 11. júlí 1911, sbr. l. nr. 41, 27. júní 1921, 1. gr., er aðflutningsgjald lagt á súkkulaði og á kakaodupt. Hinsvegar er þar ekki lagt sérstaklega aðflutningsgjald á kakaodeig. Með hliðsjón af því, hvernig kakaodeigið, svo sem áður var sagt, er notað sem efnivara í hinar nefndu gjaldskyldu vörutegundir, og með því að telja verður það sérstaka vörutegund, er í verzlun og viðskiptum sé skýrt greind frá þeim, þá verður ekki talið heimilt að lita svo á, að það falli undir aðra hvora hinna nefndu vörutegunda í tollögunum, né að krafid verði um aðflutningsgjald af því, samkvæmt lögjöfnuði frá nefndum ákvæðum tolllaganna. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en málskostnað í hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði hinu stefnda hlutafélagi með 250 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnda, Efnagerð Reykjavíkur h/f, málskostnað í hæstarétti með 250 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að síðan á árinu 1927 hefir h/f. Efnagerð Reykjavíkur hér í bænum flutt til landsins töluvert af bitrum kakaómassa og notað hann til framleiðslu á suðusúkkulaði. Var fyrst í stað tekinn sami tollur af vörutegund þessari og tekinn var af suðusúkkulaði eftir lögum um aðflutningsgjald nr. 54 frá 11. júlí 1911, sbr. lög nr. 41 frá 27. júní 1921, en með úrskurði

fjármálaráðuneytisins frá 11. marz var þessu breytt og kakómassinn eftir það tollaður sem kakaódupt. Með e.s. „Lyru“, sem kom hingað til bæjarins 3. nóv. f. á. fékk Efnagerðin 51,5 kg. brúttó en 50 kg. nettó af bitrum kakómassa. Krafði tollstjórinn í Reykjavík þá Efnagerðina um sama innflutningsgjald af sendingu þessari og tekið er af kakaódupti samkvæmt áðurgreindum lögum eða 50 aur. pr. kg. auk 25% gengisviðauka og nam reikningur tollstjórans þannig kr. 31,50, og greiddi Efnagerðin hann með fyrirvara 13. nóv. f. á. Heldur Efnagerðin því fram að umrædd vara, bitur kakómassi, hafi hingað til verið ranglega tolluð sem kakaódupt og suðusúkkulaði og byggir þá staðhæfingu á því, að massinn sé óunnið efni, hráefni, sem ekki verði notað í áðurgreindar vörutegundir án allverulegra breytinga og geti því ekki taliðt heyra undir þær. Í áðurgreindum lögum sé hinsvegar tæmandi upptalning á vörutegundum þeim, sem falli undir þau. Kakaómassi sé ekki nefndur sérstaklega í lögnum og verði því að sjálfsögðu ekki tollaður eftir þeim. Lítur Efnagerðin svo á, að af kakómassa beri aðeins að greiða vörutoll eftir lögum nr. 38 frá 27. júní 1921, 1. gr. 7. lið með 60 aurum pr. 10 kg. eða samtals kr. 3,00 af sendingu þeirri, sem hér um ræðir. Telur hún sig þannig hafa ofgreitt rikissjóði kr. 28,50 af margnefndri sendingu og hefir nú eftir árangurslausu sátttaumleitun höfð að mál gegn fjármálaráðherra, Ásgeiri Ásgeirssyni, f. h. rikissjóðs, með stefnu, útgefinni 18. nóv. f. á., og gert þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til þess að endurgreiða áðurgreinda upphæð, kr. 28,50, svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Sýknukröfuna byggir stefndur á því, að margnefnt efni, bitur kakómassi, sé í raun og veru sama efni og kakaódupt. Ef kakómassi sé mulinn fáist hreint kakaódupt úr honum og sé þetta svo einfalt, að það geti jafnvel hver húsmóðir gert heima hjá sér í „mortjeli“ sínu. Þá telur stefndur og að ekki þurfi að breyta kakómassa nema mjög óverulega til þess að fá úr honum biturt (ósætt) súkkulaði. Heldur stefndur því fram, að samkvæmt

framansögðu heyri kakaomassinn undir tollögin nr. 54/1911 sbr. lög nr. 41/1921 og sé full heimild til að tolla hann hvort sem heldur er eins og súkkulaði eða kakaóduft og sé það á valdi tollstjórnarinnar, að ákveða undir hvora vörutegundina hann sé talinn heyra.

Í málinu hefir verið lagt fram staðfest eftirrit af bréfi frá efnarannsóknarstofu ríkisins til stefnanda þess efnis, að kakaómassi sé að öllu leyti venjuleg óunnin vara án nokkurrar íblöndunar og það kemur greinilega fram í málinu, að hann óbreyttur verður hvorki notaður sem kakaóduft eða súkkulaði. Sé kakaómassi notaður til framleiðslu kakaódufts mun fyrst þurfa að ná úr honum fitunni (kakósmjöri) með þar til gerðum vélum og síðan mala það sem þá verður eftir. Sé hann hinsvegar notaður til súkkulaðiframleiðslu mun einnig þurfa að breyta hinu upprunalega ásigkomulagi hans og bæta í hann ýmsum öðrum efnum. Er því kakómassi sem slíkur hvorki kakaóduft eða súkkulaði tilbúið til neytlu eða getur talizt heyra undir þessar vörutegundir, og litur því rétturinn svo á, að hann hafi verið ranglega tollaður samkv. ákvæðum áðurgreindra tollaga nr. 54/1911 og 41/1921 um vörutegundir þessar og verða þá úrslit málsins þau, að krafa stefnanda um endurgreiðslu á fyrrgreindum kr. 28,50 vegna kakaómassa sendingar þeirrar, er hér um ræðir, verður tekin til greina. Svo þykir og rétt að dæma stefndan til þess að greiða stefnanda kr. 60,00 í málskostnað.
